



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Skorradalshreppur
Hvanneyrargötu 3
311Borgarnes

Stykkishólmur, 24. nóvember 2025
MÍ202511-0116/ 6.10 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Skorradalshreppur. Indriðastaðir 33, umsókn um byggingarheimild eða -leyfi, flokkur 1, nr. 1538/2025: Grenndarkynning byggingarleyfisumsóknar.

Þann 18. nóvember 2025 óskaði sveitarfélagið Skorradalshreppur eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um umsókn um byggingarheimildir, nr. 1538/2025: Grenndarkynning byggingarleyfisumsóknar, Indriðastaðir 33. Óskað er eftir heimild til að stækka frístundarhúsið um 22,2 m², alls verður húsið eftir stækkun, 68,3 m². Lóðin er 2500 fm að stærð. Byggingarmagn er í samræmi við Aðalskipulag sveitarfélagsins. Ekkert deiliskipulag er fyrir svæðið. Skipulags- og byggingarnefnd lagði til við hreppsnefnd að samþykkja að byggingarleyfisumsókn verði grenndarkynnt fyrir Indriðastöðum 25, 26, 27, 32, 34, 49, 50, 51 og landeigendum sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m. s.br.. Hreppsnefnd samþykkti á 215. fundi sínum að byggingarleyfisumsókn verði grenndarkynnt fyrir Indriðastöðum 25, 26, 27, 32, 34, 49, 50, 51 og landeigendum sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m. s.br.. Skipulagsfulltrúa var falið að vinna málið áfram.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands
magnus@minjastofnun.is

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið af Fornleifastofnun Íslands 2019 (Birna Lárusdóttir, et al. 2019. *Aðalskráning fornminja í Skorradal: Niðurdalur* Fornleifastofnun Íslands ses. FS721-16012). Minjavörður fór yfir skráningargögn og eru engar fornleifar skráðar innan framkvæmdasvæðisins. Minjastofnun Íslands gerir því ekki athugasemdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megí úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megí fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvæðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kærarlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.